

Fimmtudaginn 1. apríl 1976.

Nr. 2/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Þóri Þórissoni

Lárusi Svavarssyni og

(Páll S. Pálsson hrl.)

Magnúsi Helga Kristjánssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Leqi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Djófnaður. Skjalafals. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Hér fyrir dómi eru af hálfu ákærvalds gerðar þær kröfur, að „hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu ákærðu, greiðslu fébóta og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing ákærðu verði þyngd“, auk þess sem þeim verði gert að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð. Þegar af þessari ástæðu verða ákærðu ekki sakfelldir fyrir brot þau, er hér aðsdómur sýknar þá af.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi og brot réttléga heimfærð til refsíákvæða að öðru leyti en því, er nú verður greint:

A. Ákæra 8. júlí 1975.

Eigi er sannað gegn neitun ákærða Þóris, að hann hafi ófrjálsri hendi tekið þær 2.500 krónur í húsinu Sunnuflöt 14 í Garðahreppi, sem honum er gefið að sök í ákæru I. 3. Verður hann því sýknaður af töku þeirra peninga.

Brot það, er greinir í ákæru II. 1., varðar við 244. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Taka tékka þess, sem greinir í ákæru II. 4., varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga, og notkun hans með fölsuðu framsali varðar við 155. gr. sömu laga.

Gegn neitun ákærða Þóris er ekki sannað, að hann hafi tekið fatnað þann, vetrarfrakka og leðurjakka, úr íbúð Peters Trauffers, er greinir í ákæru III. 1., og ákærði Lárus er ekki spurður um töku hans. Verða þeir því sýknaðir af töku fatnaðar þessa. Ákærði Þórir ber, að þeir félagar, hann og ákærði Lárus, hafi tekið í íbúðinni um 10 áfengisflöskur, en ákærði Lárus kveður þá hafa tekið þarna 6 til 8 flöskur af áfengi. Peter Trauffer saknar 6 til 8 faskna. Verða ákærðu ekki sakfelldir fyrir töku meira áfengismagns en 8 flaskna.

EKKI er sannað gegn neitun ákærðu, að þeir hafi tekið ófrjálsri hendi tvo silfurdali, er greinir í ákæru IV. 1. Verða þeir því sýknaðir af töku þeirra.

Í ákæru er ákærðu Magnúsi Helga og Lárusi ekki gefið að sök að hafa tekið kveikjara í innbroti því, er greinir í ákæru V. 2. Verður þeim því eigi gerð refsing fyrir töku hans.

Þá er ekki sannað, að ákærðu Magnús Helgi og Lárus hafi ófrjálsri hendi tekið hærri fjárhæð en 7.500 krónur í innbroti því að Faxatúni 40 í Garðahreppi, er getur í ákæru V. 3.

Brot það, er greinir í ákæru VII. 2., var framið að kvöldi 25. október 1974. Gegn mótmælum ákærða Magnúsar Helga er ósannað, að hann hafi tekið fyrstadagsumslög í innbroti þessu. Verður hann því sýknaður af töku þeirra.

Ákærðu kannast ekki við að hafa stolið 1.200 krónum úr sumarbústað Rögnu Stefánsdóttur við Tjaldanes, svo sem greinir í ákæru X. Brestur sönnun fyrir þjófnaði á peningum þessum, og verða þeir því sýknaðir af töku þeirra. Brot þau, er greinir í þessum kafla ákæru, varða við 244. gr. alm. hegningarlaga, sbr. þó einnig 1. mgr. 20. gr. þeirra laga að því er varðar innbrot í þá sumarbústaði, þar sem engu var stolið.

Gegn neitun ákærðu Magnúsar Helga og Lárusar brestur sönnun fyrir, að þeir hafi stolið 200 þýskum mörkum í innbroti því, er greinir í ákæru XI. 1., öðrum lið. Verða þeir sýknaðir af töku þeirra.

B. Ákæra 8. ágúst 1975.

Eigi er sannað, að ákærði Þórir hafi tekið meiri verðmæti að Sigtúni 53 en 21 Bandaríkjadal og tíu eitthundraðkróna-

seðla íslenska, eins og hann skýrir sjálfur frá um ákæruatriði II. 5.

C.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingar hinna ákærðu þykir mega staðfesta svo og ákvæði um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar ákærðu Magnúsar Helga og Lárusar.

Hinn 25. nóvember 1975 var þess krafist af hálfu ákæruvalds, að ákærði Þórir yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi samkvæmt 4. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, þar til dómur Hæstaréttar gengi í máli hans, en þann dag lauk hann afplánun tveggja mánaða fangelsis samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 7. febrúar 1975. Var krafa þessi tekin til greina og ákærða gert að sæta 90 daga gæsluvarðhaldi. Lengd varðhaldstímans var miðuð við áætlaðan tíma til meðferðar málsins fyrir Hæstarétti. Dvaldist ákærði Þórir þennan tíma í varðhaldinu. Þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist þessi komi einnig til frádráttar fangelsisrefsingu hans, svo að alls dragast frá refsivist hans 240 dagar.

Við lögreglurannsókn vegna þjófnaðar þess, er greinir í ákæru 8. júlí 1975 I. 5., krafðist Sigurður Sigurðsson þess, að ákærði Þórir greiddi sér skaðabætur í íslenskum krónum vegna töku 900 danskra króna og 500 svissneskra franka og þá á því gengi, „sem þá er skráð“, en ranghermt er í héraðsdómi, að hann hafi krafist 500 danskra króna og 900 svissneskra franka. Ákærði Þórir samþykkti þessa bótakröfu, þó þannig, að bótafjárhæðin yrði tiltekin eftir því gengi, sem skráð var, þegar peningunum var stolið. Eftir atvikum verður bótakrafan tekin til greina eins og hún er samþykkt af ákærða Þóri, og telst fjárhæðin 37.545 krónur.

Bótakrafa Finns Bárðarsonar á hendur ákærða Þóri (ákæra 8. ágúst 1975, II. 2.) verður tekin til greina með fullri upphæð, 80.000 krónum, þótt ákærði hafi aðeins talið sér bera að greiða hana að hálfu á móti þeim, sem var samsekur honum um þjófnaðinn.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm um skaðabótakröfu Landsbanka Íslands, 36.467 kr. með 1.5% vöxtum á mánuði frá 24. september 1974 til greiðsludags (ákæra 8. júlí 1975, II. 4) á

hendur þeim ákærðu Þóri Þórisyni og Magnúsi Helga Kristjánssyni.

Ákærðu Þórir og Magnús Helgi hafa hvor um sig samþykkt að greiða helming fjárhæðar þeirrar, 130.000 krónur, sem Sverrir Scheving Thorsteinsson hefur krafist vegna þess erlenda gjaldeyris, sem þeir stálu frá honum (ákæra 8. júlí 1975, II. 2.). Það fé virðist þó ekki hafa numið hærri fjárhæð en 107.341 íslenskri krónu. Verður bótakrafan því tekin til greina með þeirri fjárhæð, og verða þessir ákærðu dæmdir til að greiða Sverri hana óskipt.

Ekki verður séð, að skaðabótakröfur þær, er Arinbjörn Steindórsson (ákæra 8. ágúst 1975, I. 1.), Óli Örn Andreasson (ákæra 8. ágúst 1975, I. 2.), Margrét Margeirsdóttir (ákæra 8. ágúst 1975, II. 4.) og Svava Árnadóttir (ákæra 8. ágúst 1975, II. 5.) hafa haft uppi á hendur ákærða Þóri, hafi verið bornar undir hann. Ber því að vísa kröfum þessum frá héradsdómi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærðu Þóri Þórisson og Lárus Svavarsson óskipt til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur, og Magnús Helga Kristjánsson til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 70.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu, Þóris Þórissonar, Lárusar Svavarssonar og Magnúsar Helga Kristjánssonar, eiga að vera óröskuð svo og ákvæði um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar ákærðu Magnúsar Helga Kristjánssonar og Lárusar Svavarssonar.

Frá refsingu ákærða Þóris Þórissonar dragist gæsluvarðhaldsvist hans, alls 240 dagar.

Ákærði Þórir Þórisson greiði Sigurði Sigurðssyni 37.545 krónur og Finni Bárðarsyni 80.000 krónur.

Ákærðu Þórir Þórisson og Magnús Helgi Kristjánsson greiði óskipt Landsbanka Íslands 36.467 krónur með 1.5% vöxtum á mánuði frá 24. september 1974 til greiðsludags og Sverri Scheving Thorsteinssyni 107.341 krónu.

Skaðabótakröfum Arinbjörns Steindórssonar, Óla Arnar Andreassonar, Margrétar Margeirsdóttur og Svövu Árnadóttur er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærðu Þórir Þórisson og Lárus Svavarsson greiði óskipt málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði allir ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 70.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. september 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 30. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 671/1975: Ákærvaldið gegn Þóri Þórisyni, Magnúsi Helga Kristjánssyni, Lárusi Svavarssyni, Marteini Kristjáni Einarssyni, Sigurði Kort Hafsteinssyni, Sigurði Þór Sigurðssyni, Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, Hafþóri Pálmasyni, Þorvarði Reyni Guðmundssyni, Rögnvaldi Ómari Gunnarssyni og Samúel Oddgeirssyni, sem tekið var til dóms 16. f. m.

Með ákæru, dags. 8. júlí sl., var opinbert mál höfðað gegn:

1. Þóri Þórisssyni, Langholtsvegi 169 A, fæddum 28. apríl 1955 í Reykjavík (ekki Akranesi, sem segir í ákæru),
2. Magnúsi Helga Kristjánssyni, Lambhóli við Starhaga, fæddum 3. maí 1955 í Reykjavík,
3. Lárusi Svavarssyni, Ystabæ 1, fæddum 12. september 1951 í Reykjavík,
4. Marteini Kristjáni Einarssyni, Vesturgötu 161, Akranesi, fæddum 31. október 1952 á Akranesi,
5. Sigurði Kort Hafsteinssyni, Gyðufelli 4, fæddum 23. febrúar 1956 í Reykjavík,
6. Sigurði Þór Sigurðssyni, Blikanesi 14, Garðahreppi, fæddum 19. desember 1952 á Seltjarnarnesi,
7. Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, Miðstræti 10, fæddum 19. apríl 1956 í Reykjavík,
8. Hafþór Pálmasyni, Holtsbúð 29, Garðahreppi, fæddum 22. febrúar 1954 í Vestmannaeyjum,
9. Þorvarði Reyni Guðmundssyni, Bergstaðastræti 33, fæddum 28. júní 1950 í Reykjavík,
10. Rögnvaldi Ómari Gunnarssyni, Ásenda 14, fæddum 16. júní 1957 í Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot:

I. Ákærða Þóri Þórisssyni er gefið að sök að hafa framið ein-samall eftirgreind þjófnaðarbrot á árinu 1974:

1. Laugardagskvöldið 14. september brotist inn í íbúðarhúsið nr. 10 við Hlíðartún í Höfn, Hornafirði, og stolið þar 6 flöskum af áfengi, tveimur lengjum af vindlingum, einum kassa af vindlum og kr. 1.300 í peningum.

2. Einhverntíma í september brotist inn í hús Jóns Skaftasonar að Sunnubraut 8, Kópavogi, og stolið þar 80 bandarískum dölum.

3. Fimmtudaginn 19. september brotist inn í íbúð Ottós Schopka í kjallara hússins nr. 14 við Sunnuflöt, Garðahreppi, og stolið þar kr. 12.000 í peningum. Ákærði braust síðan inn á hæð hússins, þar sem hann sprengdi upp hirslur í leit að peningum, þar sem hann fann kr. 2.500, sem ákærði hafði á brott með sér.

4. Um svipað leyti og greinir í 3. lið, brotist inn í íbúðarhúsið nr. 27 við Aratún í Garðahreppi, brotið þar upp peningakassa og stolið úr honum kr. 16.000 í peningum og ennfremur haft annan peningakassa á brott með sér, sem í var lítilsháttar af peningum.

5. Einhverntíma í septembermánuði brotist inn í kjallaraíbúð að Brekkugerði 12, Reykjavík, og stolið þar 900 dönskum krónum og 500 svissneskum frönkum.

6. Mánudaginn 16. september brotist inn í kjallaraíbúð að Sóleyjargötu 7, Reykjavík, og stolið þar kr. 18.200 í peningum.

7. Einhverntíma í september brotist inn í íbúðarhúsið nr. 2 við Fremristekk í Reykjavík og stolið þar 100 dönskum krónum.

Atferli ákærða Þóris Þórissonar, sem að framan er rakið, telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærðu Þóri Þórisssyni og Magnúsi Helga Kristjánssyni er gefið að sök að hafa framið í félagi eftirgreind hegningarlagabrot á árinu 1974:

1. Miðvikudaginn 11. september brotist inn í kjallaraíbúð í húsinu nr. 24 við Ásvallagötu í Reykjavík og gert þar leit að peningum, m. a. sprengt þar upp stofuskáp, en enga peninga fundið og horfið á brott.

2. Einhverntíma í septembermánuði brotist inn í íbúðarhúsið nr. 14 við Einimel í Reykjavík og stolið var 2.000 dönskum krónum, 1.000 sænskum krónum, 50.000 ítölskum lírum, 150 bandarískum dólum, 200 þýskum mörkum, 5 enskum pundum, 5.000 íslenskum krónum og einni áfengisflösku.

3. Einhverntíma í septembermánuði brotist inn í íbúð Troels Bendtsens, Sörlaskjólí 60, Reykjavík, og stolið þar einni flösku af áfengi.

4. Þriðjudaginn 24. september brotist inn í herbergi í kjallara hússins nr. 13 við Laugarásveg í Reykjavík, þar sem Áspór Ragnarsson býr, og stolið þar kr. 7.000 í peningum og tékka að fjárhæð 26.467 á Landsbanka Íslands, Langholtsútibúíð, Reykjavík, útgefnum af Hrafnistu, DAS, 26. ágúst 1974 til Kolbrúnar Kjartansdóttur. Ákærðu fölsuðu svo nafn Kolbrúnar Kjartansdóttur sem framseljanda tékkans og ennfremur framsalið Pétur Kjartansson, Stórholti 15, og seldu síðan tékkann í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands í Reykjavík.

Atferli ákærðu Þóris og Magnúsar Helga, sem að framan er rakið, telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og auk þess við 1. mgr. 155. gr. sömu laga, að því er varðar 4. lið að hluta.

III. Ákærðu Þóri Þórisssyni og Lárusi Birni Svavarssyni er í félagi gefið að sök að hafa framið eftirgreind þjófnaðarbrot árið 1974:

1. Mánudagsnóttina 23. september brotist inn í íbúð Peters Trauffers að Hringbraut 24, Reykjavík, og stolið þar 10 flöskum af áfengi, kvenhring úr gulli, silfurhálsmfesti, vindlingakveikjara, tveimur lengjum af vindlingum, vetrarfrakka, leðurjakka og ferðatösku, sem þeir settu varninginn í.

2. Sömu nótt og fyrr greinir brotist inn í íbúð Alice Bauchers að Tjarnargötu 45, Reykjavík, og stolið þar kr. 500 í peningum og síðan inn í íbúð Ingu Lárusson á næstu hæð fyrir ofan og stolið þar kvenveski með lítilsháttar af peningum í.

Atferli ákærðu Þóris og Lárusar Björns, sem að framan er rakið, telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Ákærðu Þóri Þórisssyni, Magnúsi Helga Kristjánssyni og Lárusi Birni Svavarssyni er í félagi gefið að sök að hafa framið eftirgreind þjófnaðarbrot árið 1974:

1. Þriðjudaginn 10. september brotist inn í íbúðarhúsið nr. 10 við Háuhlíð, Reykjavík, þar sem Sigurður Samúelsson læknir býr, spennt þar upp hirslur í leit að peningum, sem þeir ekki fundu, en haft á brott með sér tvo silfurdali frá árinu 1922 og 5—6 minnispeninga um J. F. Kennedy, fyrrverandi Bandaríkjaforseta.

2. Í beinu framhaldi af framangreindu innbroti brotist inn í íbúðarhúsið nr. 20 við Háuhlíð, fyrst í íbúð í kjallara, þar sem þeir stálu kr. 1.500 í íslenskum peningum og 40 dönskum krónum, og síðan inn í íbúð á hæð hússins, þar sem þeir stálu kr. 20.000 íslenskum.

3. Einhverntíma í septembermánuði brotist inn í húsið nr. 77 við Hringbraut í Reykjavík og stolið þar 5 enskum pundum.

Háttsemi ákærðu Þóris, Magnúsar Helga og Lárusar Björns telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

V. Ákærðu Magnúsi Helga og Lárusi Birni er gefið að sök að hafa í félagi framið eftirgreind þjófnaðarbrot á árinu 1974:

1. Sunnudagsnóttina 4. ágúst brotist inn í íbúðarhúsið nr. 13 við Sóleyjargötu í Reykjavík, þar sem Úlfar Jacobsen býr, og stolið þar armbandsúri og einni lengju af vindlingum.

2. Föstudagsnóttina 16. ágúst brotist inn í íbúð að Nóatúni 18, Reykjavík, þar sem Gunnar Már Pétursson býr, og stolið þar tveimur flöskum af áfengi og kvenhring úr gulli.

3. Einhverntíma í septembermánuði brotist inn í íbúðarhúsið nr. 40 við Faxatún í Garðahreppi og stolið þar kr. 8.000 í peningum.

Háttsemi ákærðu Magnúsar Helga og Lárusar Björns telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Ákærðu Þóri Þórisssyni, Magnúsi Helga Kristjánssyni, Lárusi Birni Svavarssyni og Marteini Kristjáni Einarssyni er í félagi gefið að sök að hafa framið eftirgreind þjófnaðarbrot á árinu 1974:

1. Fimmtudaginn 26. september brotist inn í íbúðarhúsið nr. 102 við Sæviðarsund í Reykjavík, þar sem þeir fóru víða um húsið og brutu upp hirslur í leit að peningum og fundu kr. 19.000 íslenskar og 25 ensk pund, sem þeir höfðu á brott með sér.

2. Í beinu framhaldi af fyrrgreindu þjófnaðarbroti brotist inn í íbúðarhúsið nr. 5 við Njörvasund, þar sem þeir fóru víða um húsið í peningaleit og fundu kr. 35.300, sem þeir höfðu á brott með sér.

Háttsemi ákærðu, sem að framan er rakin, telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Ákærðu Magnúsi Helga Kristjánssyni og Sigurði Kort Hafsteinssyni er í félagi gefið að sök að hafa framið eftirgreind þjófnaðarbrot á árinu 1974:

1. Föstudagsnóttina 25. október brotist inn í íbúðarhúsið nr. 3 við Fagrabæ í Reykjavík, stungið þar upp skáp og stolið peningakassa, sem hafði að geyma fyrstdagsumslög að verðmæti kr. 100.000.

2. Sömu nótt og áður greinir brotist inn í íbúðarhúsið nr. 5 við Heiðarbæ í Reykjavík og stolið þar sparimerkjum að fjárhæð kr. 14.400, strætisvagnamiðum að verðmæti kr. 6.000, nokkru magni af fyrstdagsumslögum og einni flösku af áfengi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Ákærðu Sigurði Kort Hafsteinssyni og Sigurði Þór Sigurðssyni er í félagi gefið að sök að hafa föstudagskvöldið 11. október 1974, þá er þeir voru staddir í samkomuhúsinu að Borgartúni 32 í Reykjavík, falsað og notað þar í viðskiptum þrjá tékka á eyðublöð frá Útvegsbanka Íslands, Kópavogi, sem þeir komust yfir úr fórum eins samkomugestanna, Salvarar Gissurardóttur, Hjallabrekku 13, Kópavogi. Tékkarnir E Nr. 163852, 163853 og 163859, hver um sig að fjárhæð kr. 5.000, eru allir gefnir út til handhafa, með dagsetningunni 10. október 1974, og á þá alla falsað útgefandanafnið Eiríkur Jónsson og ólæsileg framsöl ásamt nafnnúmerum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

IX. Ákærðu Lárusi Birni, Magnúsi Helga og Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni er gefið að sök að hafa laugardagskvöldið 3. ágúst 1974 stolið af Steini Kristjánssyni, Grettisgötu 69, Reykjavík, bankabók með kr. 12.000 innstæðu og kr. 16.000 í peningum. Takan fór fram á Austurvelli í Reykjavík, og hafði Jóhann Sigfús frumkvæðið að tökunni.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

X. Ákærðu Þóri, Magnúsi Helga, Lárusi Birni og Hafþór Pálmasynti er í félagi gefið að sök að hafa sunnudaginn 29. september 1974 brotist í þjófnaðarskyni inn í sumarbústaði, fyrst í tvo sumarbústaði í Mosfellsdal, úr öðrum stolið svefnpoka, sjónauka í leðurhylki, tveimur reykjarpípum, handlukt og kr. 1.200 í peningum, en bústað þennan á Ragna Stefánsdóttir, Gnoðarvogi 40, Reykjavík, og úr hinum bústaðnum, sem Sveinn Guðmundsson, forstjóri í Héðni h/f, Reykjavík, á, stolið labbrabb tækjum. Ákærðu er svo gefið að sök að hafa í framhaldi af þessu lagt leið sína að Þingvöllum og brotist þar í sama skyni inn í 12 sumarbústaði við vestanvert vatnið og í þrjá bústaði í Grafningi og unnið nokkrar skemmdir á þeim og stolið úr sumum þeirra, svo sem úr bústað Ragnhildar Ásgeirsdóttur, Sólvallagötu 51, Reykjavík, kasettutæki ásamt kasettum, úr bústað Kristjáns Gíslasonar, Sóleyjargötu 3, Reykjavík, segulbandstæki og útvarpstæki og ennfremur áfengi úr einhverjum bústaðanna.

Telst þetta varða við 244. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

XI. Ákærðu Þóri, Magnúsi Helga, Lárusi Birni og Þorvarði Reyni Guðmundssyni er í félagi gefið að sök að hafa framið eftirgreind þjófnaðarbrot á árinu 1974:

1. Fimmtudaginn 12. september brotist inn í íbúð Jóns Axels Péturssonar, Hringbraut 53, Reykjavík, og stolið þar úr skrifborðsskúffu á efri hæð íslenskum og erlendum peningum, samtals að verðmæti um kr. 100.000.

Ákærðu Magnúsi Helga, Lárusi Birni og Þorvarði Reyni er svo gefið að sök að hafa laust upp úr miðnætti sama dag farið að þessu sama húsi, þar sem Magnús og Lárus skriðu inn, en Þorvarður Reynir beið þeirra fyrir utan í bifreið, og haft á brott með sér peningaveski Jóns Axels, sem hafði að geyma kr. 50.000 í peningum, 200 þýsk mörk, ávísun að fjárhæð kr. 3.300 og tékkhefti og persónulega muni. Ákærðu hirtu peningana úr veskinu, sem þeir skiptu með sér, en fleygðu veskinu.

2. Föstudaginn 20. september brotist inn í íbúðarhúsið nr. 32 við Lindarflöt í Garðahreppi og stolið þar erlendum gjaldeyri að jafnvirði um kr. 60.000 íslenskum krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

XII. Ákærðu Magnúsi Helga, Lárusi Birni og Sigurði Kort er í félagi gefið að sök að hafa föstudagskvöldið 5. október 1974 brotist inn í íbúðarhúsið nr. 79 við Bergstaðastræti í Reykjavík

og stolið þar 2.400 dönskum krónum, gullhálsmeni, loðfóðruðum hönskum og Ronson vindlingakveikjara.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

XIII. Ákærðu Sigurði Kort og Rögnvaldi Ómari Gunnarssyni er gefið að sök að hafa í félagi fimmtudaginn 12. september 1974 tvívegis lagt leið sína um borð í b/v Hjörleif, RE 211, sem lá í Reykjavíkurböfn, og stolið úr klefa 1. stýrimanns 38 lengjum af vindlingum, 30 pökkum af reyktóbaki, 6 dósnum af neftóbaki og nokkru magni af eldspýtum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

XIV. Dómkröfur.

Þess er krafist, að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Þá var hinn 8. f. m. höfðað annað mál gegn ákærðu Þóri Þórisyni og Samúel Oddgeirssyni bifreiðarstjóra, Freyjugötu 36 hér í borg, fæddum 3. desember 1953 í Grundarfirði, „fyrir þjófnaðarbrot samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, framin í Reykjavík á árinu 1975 með eftirgreindum hætti:

I. Ákærði Þórir Þórisson.

1. Laugardaginn 14. júní brotist inn í íbúð að Steinagerði 19 og stolið þar kr. 57.000 í peningum og 20 stk. af mynt frá árinu 1975 að verðmæti kr. 100 hvert stykki.

2. Síðar í sama mánuði brotist inn í íbúð að Laufásvegi 38 og stolið þar 200 kanadískum dollurum.

II. Ákærðu Þórir Þórisson og Samúel Oddgeirsson.

1. Mánudaginn 16. júní brotist inn í íbúð að Hrístateigi 27 og stolið þar allt að kr. 20.000 í peningum. Fór ákærði Þórir inn í íbúðina, en ákærði Samúel beið í bíl fyrir utan á meðan.

2. Fimmtudaginn 19. júní brotist inn í íbúð að Reynimel 25 og stolið þar kr. 80.000 í peningum.

3. Þriðjudaginn 24. júní brotist inn í íbúð að Blönduhlíð 28 og stolið þar 120 bandaríkjadöllum, 42 sterlingspundum, allt að 100 dönskum og sænskum krónum, 2 pelum af koniaki, 1 lengju af vindlingum og 1 armbandsúri.

4. Um sama leyti brotist inn í íbúð að Dragavegi 7 og stolið þar kr. 5.000 í peningum. Fór ákærði Þórir inn í húsið, en ákærði Samúel beið í bíl fyrir utan á meðan.

5. Um sama leyti brotist inn í íbúð í húsi nr. 53 við Sigtún og stolið þar 22 Bandaríkjadöllum og 25—30 íslenskum eitthundraðkrónaseðlum. Fór ákærði Þórir inn í húsið, en ákærði Samúel beið í bíl fyrir utan á meðan.

III. Ákærði Samúel Oddgeirsson.

Laugardaginn 21. júní brotist ásamt félögum sínum inn í íbúð að Karfavogi 31 og stolið þar kr. 1.000, 1.500 í skiptimynt, rakvél, jakka og kuldajakka, snyrtiveski, 10 segulbandsspólum, 1 flösku af genever og tekkolíubrúsa.

IV. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Mál þessi hafa verið sameinuð og rekin sem eitt mál.

Í málinu hafa eftirtaldir aðiljar gert á hendur hinum ákærðu fjárkröfur, er teknar verða til meðferðar skv. XVII. kafla laga nr. 74/1974:

Sigurður Sigurðsson, Brekkugerði 12, hefur krafist bóta, er svari til 900 svissneskra franka og 500 danskra króna, og beinist krafa þessi gegn Þóri Þórissyni (ákæra 8. júlí, I. 5.).

Sverrir Scheving Thorsteinsson, Einimel 14, krefst bóta að fjárhæð kr. 130.000. Sú krafa beinist að Þóri og Magnúsi Helga (ákæra 8. júlí, II. 2.).

Landsbanki Íslands krefst þess, að ákærðu Þórir og Magnús Helgi verði dæmdir til greiðslu 36.467 kr. ásamt 1.5% dráttarvöxtum frá 24. september 1974 til greiðsludags.

Magnús Leóoldsson krefst f. h. Veitingahússins Borgartúni 32 bóta að fjárhæð 15.000 kr., og beinist krafa þessi að ákærðu Sigurði Kort og Sigurði Þóri (ákæra 8. júlí, VIII.).

Bæjarútgerð Reykjavíkur krefst bóta, er svari til andvirðis 10 kartona af sigarettum, þ. e. 19.000 kr. Sú krafa beinist að ákærðu Sigurði Kort og Rögnvaldi Ómari (ákæra 8. júlí, XIII.).

Arinbjörn Steindórsson, Stóragerði 19, krefst fyrir sína hönd og sonar síns Kristjáns bóta að fjárhæð 84.000 kr. (ákæra 8. ágúst, I. 1.). Þessi krafa beinist að ákærða Þóri.

Óli Örn Andreasson, Laufásvegi 38, krefst þess, að ákærði Þórir verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð 30.000 kr. (ákæra 8. ágúst, I. 2.).

Finnur Bárðarson, Reynimel 25, krefst þess, að ákærðu Þórir og Samúel verði dæmdir til þess að greiða honum 80.000 kr. (ákæra 8. ágúst, II. 2.).

Margrét Margeirsdóttir, Dragavegi 7, krefst þess, að ákærðu Þórir og Samúel verði dæmdir til greiðslu 5.000 kr. (ákæra 8. ágúst, II. 4.).

Svava Árnadóttir, Sigtúni 53, krefst þess, að ákærðu Þórir og Samúel verði dæmdir til greiðslu 8.432 kr. (ákæra 8. ágúst, II. 5.).

Málsatvik.

Verður nú fyrst lýst framkomnum gögnum um sakaratriði þau, sem ákæra frá 8. júlí tekur til.

I. 1. Laugardaginn 14. september 1974 var ákærði Þórir staddur á Höfn í Hornafirði. Hann braust þá inn í hús nr. 10 við Hlíðartún þar í bænum, reif plast frá glugga og skreið þar inn, en húsið var mannlaust. Þarna tók hann skv. eigin framburði fimm whisky-flöskur og eina geneverflösku, einnig tvö karton af sigarettum, vindlakassa og 1.300 kr. í peningum. Er þetta í samræmi við aðrar upplýsingar um það, hvers húsráðendur söknuðu eftir innbrotið. Ákærði hitti síðan féлага sína, og drukku þeir áfengið saman að nokkru leyti, en seldu sumt.

Ákærði Þórir hefur skýrt svo frá við meðferð máls þessa, að ákærði Magnús Helgi hafi verið með honum við innbrot þetta. Hins vegar hafi það orðið samkomulag þeirra, að Þórir tæki á sig þetta brot einn, og því hafi hann við rannsókn málsins leynt þátttöku Magnúsar Helga í brotinu. Eins og áður er frá greint, tekur ákæra ekki til Magnúsar Helga að þessu leyti.

I. 2. Við rannsókn, sem fram fór í nóvember 1974 út af ýmsum brotum, er um ræðir í dómi þessum, benti ákærði Þórir á, að hann hefði farið inn í hús eitt í Kópavogi í september og tekið þar eitt-hvað af erlendri mynt úr ólæstri skúffu. Reyndist hér um að ræða húsið Sunnubraut 8, og könnuðust húsráðendur, Jón Skaftason alþingismaður og kona hans, við, að um 70 Bandaríkjadollarar hefðu horfið úr ólæstri skrifborðsskúffu, en ekki hafði brotsins orðið vart, fyrr en lögreglan hafði samband við þau. Ákærði Þórir kveðst hafa komist inn í húsið um ólæstar bakdyr. Hann telur, að fjárhæð sú, sem hann tók, kunni að hafa verið 70 dollarar, eins og talið er að horfið hafi. Í ákæru er fjárhæðin talin 80 dalir, en ekki styðst það við gögn málsins.

Við meðferð málsins skýrir Þórir einnig frá því, að Magnús Helgi, Lárus og Þorvarður Reynir hafi átt þátt í broti þessu, sem framið hafði verið, er þeir félagar fóru í þjófnaðarleiðangur í Kópavog og Garðahrepp, sbr. XI. 2. hér á eftir. En ákæran tekur að þessu leyti til Þóris eins.

I. 3. Hinn 19. september 1974 var Hafnarfjarðarlögreglunni tilkynnt, að brotist hefði verið inn í húsið nr. 14 við Sunnuflöt í Garðahreppi og teknar 12.000 kr. í peningum úr ólæstri skúffu í íbúðinni. Ákærði Þórir kveðst hafa verið þarna að verki. Hann hafi farið inn um ólokaðan glugga í kjallara og tekið þar peningana. Enn fremur fór hann upp á svalir á húsinu og komst þannig

inn á efri hæð, og leitaði hann þar peninga og sprengdi upp skjalaskáp og skrifborð, en fann ekki verðmæti, er hann girntist.

Ákærði kveður þetta hafa verið eitt af innbrotum þeim, sem framin voru í Þjófnaðarleiðangri hans og ákærðu Magnúsar Helga, Lárusar og Þorvarðs Reynis, sjá næsta lið hér að framan, en ákæran tekur að þessu leyti einvörðungu til Þóris.

I. 4. Sunnudaginn 22. september 1974 var Hafnarfjarðarlög-reglunni tilkynnt, að brotist hefði verið inn í hús nr. 27 við Aratún þá um helgina eða hina næstu á undan og tekinn peningakassi með 16.000 kr. og einnig hefði verið sprengdur upp annar kassi, er í hafi verið smámynt, og hún tekin. Ákærði Þórir hefur skýrt frá því, að hann hafi framið innbrotið. Hann hafi komist inn um glugga á bakhlið. Hann kveður sig hafa verið í fylgd með Magnúsi Helga, Lárusi og Þorvarði Reyni (sbr. tvo næstu liði hér að framan) og þeir hafi notið góðs af fengnum. Ákæran tekur að þessu leyti aðeins til Þóris.

I. 5. Mánudaginn 30. september 1974 tilkynnti Sigurður Sigurðsson, Brekkugerði 12, að brotist hefði verið inn í íbúð hans í kjallara hússins og stolið þar 900 dönskum krónum og 500 svissneskum frónkum. Þjófnaðurinn hefði verið framinn einhvern tíma á næstu tveimur vikum á undan. Ákærði Þórir kveðst hafa framið þjófnað þennan og komist inn í íbúðina gegnum glugga. Peninga þá, sem hann tók, kveðst hann hafa selt fyrir um 70 þús. kr., er hann hafi eytt í skemmtanir. Hann kveðst hafa verið einn um verknað þennan.

Ákærði samþykkir fjárkröfu Sigurðar Sigurðssonar.

I. 6. Ákærði Þórir Þórisson skýrði rannsóknarlögreglunni frá því hinn 15. október 1974, er rannsókn stóð yfir út af ýmsum brotum hans, að hann hefði brotist inn í hús við Sóleyjargötu nokkru áður. Farið var með Þóri á staðinn, og bentí hann á hús nr. 7 við Sóleyjargötu, og kannaðist húsráðandi við, að mánudaginn 16. september hefðu horfið 18.200 kr. í peningum úr skúffu í skatt-holi, sem er þar í stofunni. Ákærði Þórir segist hafa tekið þarna 16—20 þús. kr. alls, en peningarnir hafi verið bæði í umslagi í skúffu, en einnig í veski, sem legið hafi þarna í gluggakistu. Við rannsókn málsins hefur Þórir skilað 9.000 kr., er afhentar hafa verið húsráðanda, Margréti Einarsdóttur.

Við meðferð máls þessa hefur Þórir skýrt svo frá, að sig minni, að þeir Magnús Helgi, Lárus og Þorvarður Reynir hafi verið með honum við þetta brot, en ekki geti hann þó fullyrt það.

I. 7. Ákærði Þórir skýrði rannsóknarlögreglunni frá því, að

hann hefði í september 1974 brotist inn í húsið Fremristekk 2 og tekið þar nokkuð af dönskum krónum. Samkvæmt skýrslu húsaráðanda, Elínar Torfadóttur, var hér um að ræða 100 danskar krónur.

Við meðferð máls þessa hefur Þórir skýrt svo frá, að þetta hafi verið einn af þeim þjófnum, sem hann og félagar hans frömdu þann dag, er þeir fóru í þjófnaðarleiðangur suður í Garðahrepp og víðar, sbr. XI. 2. og I. 2., I. 3. og I. 4.

II. 1. Miðvikudaginn 11. september 1974 var rannsóknarlög-reglunni tilkynnt um innbrot í mannlausa íbúð á Ásvallagötu 24. Er hér um ræða íbúð í kjallara hússins, og hafði verið farið inn um baðherbergisglugga og rótað í ýmsu í íbúðinni og sprengdur upp stofuskápur, en engu virtist hafa verið stolið.

Ákærði Þórir kveðst hafa framið þetta innbrot, en fullyrðir, að ákærði Magnús Helgi hafi verið með honum. Ákærði Magnús Helgi skýrði svo frá, er hann var fyrst yfirheyrður út af þessu, að hann myndi ekki til þess, að hann hefði átt þátt í innbrotinu, og við meðferð málsins hefur hann ekki viljað kannast við, að hann hafi komið þarna við sögu. Hefur ekki náðst samræmi milli framburðar hans og framburðar Þóris, sem heldur fast við, að þeir hafi verið saman um brotið.

II. 2. Rannsóknarlög-reglunni var tilkynnt 23. sept. 1974, að peningum hefði verið stolið úr læstri skúffu í húsinu nr. 14 við Einimel. Hafði síðast verið gætt í skúffuna 25. ágúst. Tilkynnt var, að horfið hefðu 2.000 danskar krónur, 1.000 sænskar krónur, 50.000 lírur (ítalskar), 150 Bandaríkjadóllarar, 200 þýskar merkur, 5 sterlingspund og 5.000 íslenskar krónur.

Ákærðu Þórir og Magnús Helgi hafa kannast við, að þeir hafi framið þjófnað þennan. Þórir fór inn um baðherbergisglugga og opnaði fyrir Magnúsi. Ákærðu segjast hafa tekið töluvert mikið af peningum, en hafa ekki tilgreint fjárhæðina nánar, nema hvað Magnús Helgi telur hana hafa numið yfir 100.000 kr., ef miðað er við íslenska peninga. Hvorugur ákærðu hefur gert athugasemd við ákærana og báðir samþykkja fjárkröfu Sverris Schevings Thorsteinssonar, eiganda peninganna.

II. 3. Við rannsókn málsins skýrði ákærði Þórir frá því, að hann hefði í september 1974 brotist inn í íbúð í Sörlaskjólí 60 og leitað þar verðmæta, en ekki tekið með sér annað en áfengisflösku. Hann kvað Magnús Helga hafa verið með sér við brot þetta. Hefur Þórir haldið fast við þetta við meðferð málsins og bætt því við, að þetta innbrot hafi þeir framið í sömu ferð og innbrotið á Einimel 14,

sbr. næsta lið hér að framan. Magnús Helgi kveðst ekki muna til þess, að hann væri í för með Þóri í þetta skipti, og telur hann framburð Þóris að þessu leyti uppspuna. Stendur hér staðhæfing gegn staðhæfingu.

Húsráðandi í Sörlaskjólí 60, Troels Berndsen, kvað það rétt, að vodkaflaska hefði horfið úr íbúð hans, en hann hafði ekki tilkynnt hvarfið.

II. 4. Þriðjudaginn 24. sept. 1974 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að farið hefði verið inn í mannlaust herbergi í kjallara hússins nr. 13 við Laugarásveg og þar stolið 6—7.000 kr. úr seðla-veski og einum tékka að fjárhæð kr. 36.467. Fjármunir þessir höfðu verið í ólæstri skrifborðsskúffu. Ákærðu Þórir og Magnús Helgi hafa kannast við, að þeir hafi framið þjófnað þennan í sameiningu.

Ákærðu fóru síðan með áður nefndan tékka, sem var gefinn út til Kolbrúnar Kjartansdóttur af Hrafnistu, DAS, og seldu hann í Langholtsútibúi Landsbankans. Framseldi Þórir tékkann með nafnritununum Kolbrún Kjartansdóttir og Pétur Kjartansson, Stórholti 15. Peningum þeim, sem ákærðu höfðu upp úr brotum þessum, eyddu ákærðu sameiginlega.

Ákærðu samþykkja kröfu Landsbanka Íslands.

III. 1.—2. Aðfaranótt mánudagsins 23. sept. 1974 fóru ákærðu Þórir Þórisson og Lárus Svavarsson, sem um kvöldið höfðu verið saman á dansleik í Tjarnarbúð, og brutust inn í tvö hús. Fyrst fóru þeir inn í húsið nr. 45 við Tjarnargötu og komust inn um kjallaraglugga. Þeir fundu veski og tóku úr því 500 kr. Síðan komust þeir upp á 2. hæð í húsinu og tóku þar veski og höfðu á brott með sér. Þeir heyrðu umgang og skunduðu út á svalir og stukku þaðan niður.

Eftir þetta fóru ákærðu inn í húsið nr. 24 við Hringbraut. Þórir komst inn um baðherbergisglugga, en opnaði síðan útidyr fyrir Lárusi. Að eigin sögn tóku þeir þarna inni 10 áfengisflöskur, nokkrar pakkalengjur af sigarettum, silfurhálsmen, gullhring og vindlakveikjara. Er þetta í samræmi við skýrslu eigandans, Peters Trauffers verkfræðings, nema hann telur áfengisflöskurnar hafa verið 6—8.

IV. 1. Fimmtudaginn 12. sept. 1974 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að farið hefði verið inn í mannlaust hús nr. 10 við Háuhlíð og rótað þar í hirslum og spell unnin. Húsráðandi, Hólmfríður Stefánsdóttir, skýrði svo frá, að hún saknaði tveggja silfurdala frá 1922 og 5—6 Kennedyminnispeninga.

Ákærðu Þórir, Magnús Helgi og Lárus segja, að þeir hafi komið að húsi þessu og eftir að þeir hafi kvatt dyra og ekki var ansað, hafi Þórir farið inn um glugga, en síðan opnað fyrir félögum sínum. Er ljóst, að a. m. k. Magnús Helgi fór þá inn, en Lárus kveðst hafa beðið fyrir utan, en farið svo að dyrunum. Þá hafi félagar hans komið og afhent honum einhverja minnispeninga, sem hann hafi tekið við og gefið einhverjum síðar. Magnús Helgi kveðst ekki minnast þess, að þeir hafi náð þarna neinum peningum, og Þórir mótmælir því, að hann eða Magnús hafi afhent Lárusi neina minnispeninga, en hann minnst þess, að Lárus hafði þarna slíka peninga undir höndum.

IV. 2. Þriðjudaginn 10. sept. 1974 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að farið hefði verið inn um glugga á þvottahúsi í húsinu nr. 20 við Háuhlíð og teknar 40 danskar krónur úr ólæstri komm-óðuskúffu. Einnig hefði verið brotið upp skartgripaskrín. Loks hefðu 1.500 kr. í peningum verið teknar úr ólæstri borðskúffu. Úr kjallara er greiður gangur upp á efri hæð, og þar höfðu 20 þús. kr. í peningum verið teknar úr skrifborðsskúffu, sem brotin hafði verið upp.

Ákærðu Þóri, Magnúsi Helga og Lárusi ber saman um, að innbrot þetta hafi þeir framið sama dag og innbrotið í Háuhlíð 10. Þórir hafi einn farið inn í húsið nr. 20, en hinir beðið fyrir utan. Peningarnir kunni að hafa numið þeirri fjárhæð, er að ofan greinir, og hafi Þórir skipt henni með þeim félögum.

IV. 3. Sannað þykir með framburði Þóris, Magnúsar Helga og Lárusar, að einhverju sinni í september 1974 hafi þeir farið að húsinu nr. 77 við Hringbraut og Þórir klifið upp á svalir og komist inn og síðan opnað fyrir félögum sínum. Þarna hafi þeir síðan leitað verðmæta. Lárus telur sig hafa tekið 4—5 ensk pund úr skúffu einni, en félagar hans minnast þess ekki, að neinir peningar væru teknir þarna, og húsráðandi, Bengta Grímsson, kvaðst ekki sakna neinna enskra punda né heldur annarra verðmæta.

V. 1. Aðfaranótt sunnudagsins 4. ágúst 1974 voru ákærðu Magnús Helgi og Lárus á ferli saman hér í borginni, og fóru þeir þá inn í húsið nr. 13 við Sóleyjargötu, að eigin sögn upphaflega til þess að athuga, hvort þar væri gleðskapur. Er inn kom, sáu þeir úr, sem lá þar á borði, og eina pakkalengju af sigarettum. Ætluðu þeir svo með þetta út, en mættu þá tveimur útlendingum, sem voru þarna gestir húsráðanda, Úlfars Jacobsens. Þeir tóku sigarettarnar af ákærðu, en létu þá svo fara burt. Við rannsókn málsins komst úr Úlfars til skila.

V. 2. Föstudaginn 16. ágúst 1974 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að brotist hefði verið inn í húsið nr. 18 við Nóatún og þar teknar tvær áfengisflöskur, kveikjari og gullhringur með steini.

Ákærði Lárus kveðst hafa verið þarna að verki. Þeir Magnús Helgi og hann hafi komið að þessu húsi og ákveðið að fara þar inn og þannig hafi tekist til, að Lárus hafi farið inn, en Magnús Helgi beðið fyrir utan. Lárus kveðst hafa komist inn með því að sparka upp útidyrhurð. Hann kveðst hafa tekið áður nefnd verðmæti. Síðan hafi þeir Magnús Helgi farið á veitingastað. Um nóttina hafi þeir drukkið saman áfengi það, sem tekið hafði verið. Kveikjarann kveðst Lárus hafa selt, en Magnús hafi tekið við hringnum til að reyna að koma honum í peninga.

Magnús Helgi telur Lárus ekkert samráð hafa haft við sig um þetta innbrot. Hann hafi ráðist að dyrunum, án þess að ráðgast um það við hann áður. Magnús Helgi kannast við, að hann hafi beðið, meðan Lárus var inni, og hann hafi í samráði við Lárus farið með hringinn til gullsmiðs næsta dag og selt hann þar fyrir 1.000 kr.

Gullsmiðurinn sem keypti hringinn heitir Ólafur Guðmundsson. Gaf hann þær upplýsingar, er leiddu til handtöku ákærðu. Hann skilaði einnig hringnum, sem komst í hendur eiganda.

V. 3. Samkvæmt framburði ákærðu Magnúsar Helga og Lárusar, sem er í samræmi við önnur gögn, fóru þeir einhverju sinni í september 1974 inn í húsið Faxatún 40 í Garðahreppi og tóku þar 7.500 kr. úr skúffu og höfðu á brott með sér.

VI. 1.–2. Fimmtudaginn 26. sept. 1974 hittust þeir Þórir, Magnús Helgi, Lárus og Marteinn Kristján. Þeir ákváðu að fara eitthvað til þess að ná sér í peninga. Það varð úr, að þeir fóru inn í Sundahverfi. Þórir kvaddi þar dyra á nokkrum stöðum til þess að ganga úr skugga um, hvort fólk væri heima. Í húsi nr. 102 við Sæviðarsund svaraði enginn, og fór Þórir þá inn um glugga og opnaði fyrir Lárusi, og fór hann einnig inn. Magnús Helgi og Marteinn Kristján fóru ekki inn í þetta hús, heldur biðu á lengdar. Þórir og Lárus leituðu að peningum í húsinu og sprengdu upp hirslur. Samkvæmt upplýsingum, sem rannsóknarlögreglan fékk hjá íbúum hússins, hafði verið stolið 25 sterlingspundum, en ekki öðrum verðmætum, svo vitað væri.

Að loknu þessu innbroti fóru þeir félagar allir fjórir inn í hús nr. 5 við Njörvasund, sem er skammt frá. Þórir hringdi dyrabjöllu,

en þegar ekki var ansað, skreið hann inn um glugga og hleypti hinum svo inn. Þarna leituðu þeir verðmæta víðs vegar um húsið. Samkvæmt upplýsingum, sem rannsóknarlögreglan aflaði hjá húsráðendum, höfðu 9.300 kr. horfið úr peningakassa, sem geymdur var inni í borðstofuskáp í kjallara, og 26.000 kr. úr skrifborðs-skúffu á 1. hæð.

Þórir kveðst muna til þess, að hann hafi fundið eitthvað af sterlingspundum í Sæviðarsundi 102 og peninga í Njörfasundi 5, er hann telur hafa numið ca 25.000. Lárus minnst þess, að þeir tóku sterlingspundin, en í Njörfasundi 5 minnst hann þess, að hann tók gamlan hundraðkrónuseðil, fimmkrónuseðil og tvo tíukrónaseðla, og man ekki, hvað félagar hans tóku eða hvað kom út úr þessu. Magnús Helgi kveðst í Njörfasundi 5 hafa tekið um 8.000 kr. úr peningakassa í skáp, en síðan hafi Þórir fundið eitthvað af peningum. Muni það hafa verið um 35 þús. kr. alls, sem þeir tóku þarna. Marteinn Kristján kannast einnig við peningatöku og minnir, að fjárhæðin hafi verið um 42 þús. kr.

Ákærðu ber saman um, að fénu hafi þeir skipt bróðurlega milli sín á eftir.

VII. 1. Föstudagskvöldið 25. október 1974 fóru ákærðu Magnús Helgi Kristjánsson og Sigurður Kort Hafsteinsson saman að húsinu nr. 5 við Fagrabæ. Magnús Helgi braut þar rúðu á útidyrarhurð á bakhlið hússins og fór svo inn. Hann braut upp skáp og fann þar peningakassa, sem í voru fyrstadagsumslög. Hafði hann kassann á brott með sér. Sigurður Kort hafði beðið utan við húsið á meðan og hugað að mannaferðum. Þeir brutu upp kassann og hentu honum, en hirtu umslögin. Fóru þeir næsta dag með þau í Frímerkjasöluna í Lækjargötu, en það leiddi til þess, að ákærðu voru handteknir. Umslög þau, sem ákærðu voru með, voru afhent eigendum, en umslögin voru 243 að tölu og að mati eiganda a. m. k. 100 þús. kr. virði.

VII. 2. Sama kvöld og að ofan greinir, 25. október 1974, brutust ákærðu Magnús Helgi og Sigurður Kort einnig inn í húsið nr. 5 við Heiðarbæ. Magnús Helgi fór fyrst inn um glugga, og Sigurður fór inn á eftir honum. Samkvæmt skýrslu húsráðanda hurfu í umrætt skipti áfengisflaska og vindlingar, sparimerki að fjárhæð 14.400 kr., strætisvagnakort að verðmæti um 6.000 kr. og talsvert af fyrstadagsumslögum. Magnús Helgi segist muna eftir, að þeir hafi tekið eitthvað af sparimerkjum og kannske áfengisflösku, en kveðst muna atvik óljóst, því að hann hafi verið ölvaður. Sigurður Kort minnst þess, að þeir tóku nokkuð af spari-

merkjum, áfengisflösku og strætisvagnamiða. Ekki hafa ákærðu gert grein fyrir, hvernig þeir ráðstöfuðu feng sínum.

VIII. Föstudagskvöldið 11. október 1974 voru ákærðu Sigurður Kort Hafsteinsson og Sigurður Þór Sigurðsson saman í veitingahúsinu í Borgartúni 32. Þar sátu þeir við borð með stúlku einni, og meðan hún brá sér frá, fór Sigurður Þór í veski hennar og tók þar nokkur eyðublöð úr tékkhefti, sem var í veskinu. Sigurður Kort vissi um tökuna á eyðublöðunum. Ákærðu fóru síðan saman fram á snyrtiherbergi. Þar ritaði Sigurður Kort þrjá tékka á nefnd eyðublöð, hvern um sig að fjárhæð 5.000 kr., og undirritaði tékkana með nafninu Eiríkur Jónsson og tilgreindi reikningsnúmer af handahófi. Sigurður Þór framseldi síðan tékkana með ólæsilegum nafnritunum (Sig. Bjarnason?) og notaði þá síðan til kaupa á veitingum handa ákærðu báðum.

Ákærðu samþykkja kröfu Magnúsar Leópoldssonar f. h. veitingahússins, en henni var áður lýst.

IX. Laugardagskvöldið 3. ágúst 1974 voru ákærðu Jóhann Sigfús Sigdórsson, Magnús Helgi Kristjánsson og Lárus Svavarsson staddir í Hótel Borg. Er þeir fóru út þaðan, var allmikil mannaferð fyrir utan. Þar á meðal var Steinn Kristjánsson, Grettisgötu 69. Hafði hann verið inni í veitingasal Hótel Borgar og var ölv-aður. Kl. 2305 skýrði Steinn lögregluþjóni, sem hann hitti í Austurstræti, frá því, að stolið hefði verið veski úr rassvasa hans og hefðu verið í því 16.000 kr. í peningum og sparisjóðsbók. Steinn hefur litlar upplýsingar getað gefið á því, með hverjum hætti veskið hafi horfið úr vasa hans.

Ákærði Jóhann Sigfús hefur kannast við það, að hann hafi gengið frá dyrum hótelsins yfir á Austurvöll og gripið þar í mann, sem hann virðist hafa áður verið búinn að sjá inni í hótelinu, og fundið, að hann var með veski eða eitthvað slíkt í vasanum. Kveðst Jóhann Sigfús hafa náð þessu úr vasa mannsins og hafi hér reynst vera um sparisjóðsbók að ræða með peningafúlgum innan í. Peningana kveðst hann hafa tekið, en rétt Magnúsi Helga bókina, en hann hafi kastað henni frá sér. Jóhann telur, að félagar hans hafi báðir vitað gerla um töku bókarinnar og peninganna, en ekki kveðst hann muna, hvort hann hafi áður haft samráð við þá um tökuna. Þeir Lárus og Magnús Helgi neita því eindregið, að þeir hafi átt nokkurn þátt í verknaði þessum. Magnús Helgi hefur haldið því fram, að hann hafi ekkert orðið var við það, að Jóhann Sigfús fremdi þjófnað þennan, en orðið þess var síðar um kvöldið, að Jóhann hafði óeðlilega mikla pen-

inga undir höndum. Stangast þetta á við þann framburð Jóhanns, er áður var rakinn, að Magnús Helgi hafi veitt bókinni viðtöku, svo og við framburð Lárusar, en hann skýrir svo frá, að Jóhann Sigfús hafi verið þarna utan í einhverjum manni og á eftir hafi hann tekið upp sparisjóðsbók með peningum innan í og hafi verið ljóst, að Jóhann hafi stolið bókinni af manningum. Hafi Jóhann Sigfús fengið afhent Magnúsi Helga bókina, en hann fleygt henni strax frá sér, þar sem hann hafi ekki viljað taka þátt í þessu.

Þeir Magnús Helgi og Lárus neita því einnig, að þeir hafi tekið þátt í ávinningi af brotinu. Þeir félagar fóru þrír saman í veitingahúsið Silfurtunglið, en komu þó í leiðinni við hjá móður Jóhanns, og hitti hann hana að máli. Jóhann kveðst hafa afhent móður sinni 5.000 kr. til geymslu og sagt, að Lárus ætti peningana. Þá segir Jóhann Sigfús, að hann hafi greitt leigubíl við Silfurtunglið og þá saknað 5.000 króna, og heldur hann því fram, að Lárus og Magnús Helgi hafi stolið fjárhæð þessari af honum. Þessu neita Lárus og Magnús Helgi alfarið. Þá er einnig fram komið, að um nóttina, er Lárus og Magnús Helgi höfðu orðið viðskila við Jóhann Sigfús, fóru þeir heim til móður Jóhanns og fengu hana til þess að afhenda þeim þær 5.000 kr., er henni höfðu verið fengnar til geymslu. Lét hún féð af hendi, enda vissi hún ekki betur en Lárus væri eigandinn. Jóhann Sigfús hafði sagt Lárusi frá því um nóttina, að hann hefði fengið móður sinni peningana.

Bankabók Steins Kristjánssonar fannst á Austurvelli og komst til skila.

X. Sunnudaginn 29. september 1974 fóru ákærðu Þórir Þórisson, Magnús Helgi Kristjánsson, Lárus Svavarsson og Hafþór Pálmason saman í bifreið um Mosfellssveit og austur á Þingvöll. Bifreiðinni ók Þorvaldur Waagfjörð, Holtsbúð 16, Garðahreppi. Með þeim var í bifreiðinni stúlka ein, Hulda að nafni. Ekki virðist hún hafa átt neinn þátt í þjófnaðarbrotum þeim, sem félagar hennar frömdu í ferð þessari. Það skal tekið fram strax, að ákæra tekur ekki til Þorvalds Waagfjörð.

Í Mosfellssveit fóru ákærðu Þórir og Lárus saman og brutust inn í tvo sumarbústaði, bústað Sveins Guðmundssonar skammt frá Reykjalundi og bústað Rögnu Stefánsdóttur og Vigfúsar Sigmarssonar við Tjaldanes. Úr bústað Sveins tóku þeir taltæki og höfðu á brott með sér. Ragna Stefánsdóttir tilkynnti, að úr húsi hennar hefði horfið svefnpoki, sjónauki, tvær reykjarpípur, hand-

lukt og 1.300—1.400 kr. í skiptimynt. Ákærðu kannast við töku á pökunum, og Þórir minnst þess einnig, að tekinn var sjónauki, reykjarpípur og handlukt, en ekki kveðst hann muna til þess, að þeir hafi tekið neina peninga. Við rannsókn málsins komst þokinn til skila, hafði orðið eftir í vörslum Þorvalds.

Ákærðu fóru síðan austur í Grafning og brutu þar upp þrjá sumarþústaði, og eru eigendur þeirra Bergur Gíslason, Laufásvegi 64 A, Trausti Ólafsson og María Einarsdóttir, Laugarnesvegi 69, og Árni Jónsson, Lálandi 19. Unnar voru nokkrar skemmdir á húsunum, en ekki virðast ákærðu hafa tekið neitt verðmæta.

Eftir þetta brutust ákærðu allir fjórir saman inn í tólf sumarþústaði, sem eru vestan við Þingvallavatn. Eigendur þeirra eru Ragnhildur Ásgeirsdóttir, Sólvallagötu 51, Sonja Benjamínsson, Örn Þór, Hjálmholti 14, Páll G. Jónsson, Barðaströnd 9, Árni G. Eylands, Gnoðarvogi 56, Jón Sigurðsson, Kvisthaga 1, Magnea Þórðardóttir, Bergstaðastræti 86, Hjálmar Vilhjálmsson, Drápuhlíð 1, Jón Ólafsson, Hávallagötu 3, Þórarinn Jónsson, Hávallagötu 13, Thor Ó. Thors, Lágafelli, og Kristján Gíslason, Sóleyjargötu 3.

Á öllum þústöðum þessum höfðu ákærðu unnið spell, en ekki kemur fram, að þeir hafi haft á brott með sér verðmæti nema segulbandstæki með kasettum og Linguaphoneplötum úr þústað Ragnhildar Ásgeirsdóttur og segulbandstæki, útvarpstæki og tösku með einni áfengisflösku úr þústað Kristjáns Gíslasonar. Segulbandstæki Kristjáns komst til skila við rannsókn málsins.

XI. 1. Föstudaginn 13. sept. 1974 var tilkynnt um, að þjófnaður hefði verið framinn í húsinu nr. 53 við Hringbraut og stolið seðla-veski og peningum.

Ákærði Þórir Þórisson hefur skýrt svo frá, að hann hafi framið innbrot í nefnt húsi. Það hafi reyndar ekki verið 12. september, eins og í ákæru greinir, en einhvern tíma í september hafi þetta gerst. Þórir sagði rannsóknarlögreglunni í fyrstu, að ákærði Magnús Helgi hefði verið með honum við þetta, en við meðferð málsins kvað hann þetta vera misskilning, heldur hefði það verið ákærði Lárus, sem með honum var. Þeir hafi tekið þarna peninga, íslenska og erlenda, og fjárhæðin hafi numið 60—100 þús. kr. Lárus neitaði því í fyrstu, að hann hefði komið þarna við sögu, en við sampröfun við Þóri kvað hann það kunna að vera rétt, að hann hefði gert það. Magnús Helgi hefur eindregið neitað því, að hann hafi átt þátt í þessu broti, en bæði Þóri og Lárus kvað hann hafa sagt honum frá þessum þjófnaði.

Ekkert hefur komið fram í þá átt, að Þorvarður Reynir Guð-

mundsson hafi átt þátt í þessu broti, þótt ákæra taki einnig til hans að þessu leyti.

Ákærðu Magnús Helgi, Lárus og Þorvarður Reynir eru sam-mála um það, að þeir hafi að kvöldi 12. sept. 1974 farið að Hringbraut 53 í bifreið, sem Þorvarður Reynir ók. Hann beið í bifreiðinni, meðan Magnús Helgi og Lárus fóru burt. Þeir fóru inn í nefnt hús og tókst að stela þar veski, er þeir telja, að í hafi verið 50 þús. kr. í peningum. Er það og í samræmi við framburð Þorvarðs Reynis, en félagar hans komu með feng sinn í bifreiðina til hans.

Eigandi veskisins, Jón Axel Pétursson, telur, að í því hafi verið 50 þús. kr., 200 þýsk mörk, tékki, tékkhefti og persónuskilríki. Ákærðu telja sig ekki muna til þess, að erlendir peningar hafi verið í veskinu, en Þorvarður Reynir segir þó, að félagar hans hafi gefið honum 1.000 peseta þarna um nóttina. Þá kveðst hann hafa tekið peningafúlgum til geymslu fyrir þá og skilað henni til þeirra næsta dag.

Hefur þá verið lýst því, sem fram hefur komið um umrætt ákæruatriði, en þess skal getið, að við meðferð málsins skýrði ákærði Þórir svo frá ótilkvaddur, að hann hefði um þessar mundir brotist oftár inn í nefnt hús. Í eitt skiptið hefði hann tekið þarna að ófrjálsum um 6.000 merkur þýskar og nokkuð af öðrum gjaldeyri.

XI. 2. Föstudaginn 20. september 1974 fóru ákærðu Þórir, Magnús Helgi og Lárus í þjófnaðarleiðangur suður í Garðahrepp og víðar í för með Þorvarði Reyni Guðmundssyni, en hann hafði undir höndum bifreið, sem hann ók. Þarna huguðu þeir að húsum í því skyni að brjótast þar inn. Meðal þeirra var húsið Lindarflöt 32. Þórir kvaddi dyra, og enginn virtist heima. Þórir náði að teygja sig inn um bréfalúgu og ná í lykil á syllu fyrir innan, og gekk hann að húsinu. Hann tók svo til við að brjóta upp skáp, en meðan hann var að því, var hringt dyrabjöllum, og flýði hann þá út. Það kom þó í ljós, að ekki hafði verið hætta á ferðum, því að hér voru komnir félagar hans Lárus og Magnús. Þeir komust inn í húsið gegnum glugga, og Þórir kom svo á eftir þeim inn. Í áðurnefndum skáp fundu þeir félagar og höfðu á brott með sér töluvert af erlendum gjaldeyri, einkum Bandaríkjadollurum. Samkvæmt skýrslum þeirra svaraði fjárhæðin til um 60 þús. ísl. kr.

Þorvarður Reynir beið í bifreiðinni. Hann fékk ágóða af feng þeim, sem félögum hans áskotnaðist í ferð þessari, og verður ekki greint, hvort sá ágóði var úr innbrotinu á Lindarflöt 32 fremur

en öðrum. Eins og greint var undir I. kafla hér að framan. virðast sum af brotum þeim, sem Þóri eru þar gefin að sök, hafa verið framin í þessari þjófnaðarferð.

XII. Föstudagskvöldið 5. október 1974 fóru ákærðu Lárus Svavarsson, Magnús Helgi Kristjánsson og Sigurður Kort Hafsteinsson að húsinu nr. 79 við Bergstaðastræti. Lárus kleif upp á svalir og braut rúðu í glugga og skreið inn, en hleypti svo félagum sínum inn. Þeir leituðu um allt húsið að verðmætum og brutu upp ýmsar hirslur. Fram hefur komið, að þarna tóku þeir um 2.400 kr. danskar, gullhálsmen, hanska og vindlakveikjara og höfðu á brott með sér. Hálsmenið afhentu þeir síðan Þóri Þórisyni, sem þeir heimsóttu á spítala sama kvöld. Hálsmenið komst til skila.

XIII. Fimmtudaginn 12. september 1974 fóru ákærðu Sigurður Kort Hafsteinsson og Rögnvaldur Ómar Gunnarsson saman um borð í b/v Hjörleif, sem lá hér í höfninni. Þar tóku þeir úr kassa í herbergi stýrimanns 10 pakkalengjur af sígarettum og slógu eign sinni á þær, fóru með þær í land og seldu í sjóbúðinni á Grandagarði fyrir 6.000 kr. Ákærðu segja, að með þeim hafi verið maður, sem þeir nefna Jón Hauk, en telja sig ekki vita nánari deili á, og hafi hann verið frumkvöðull að brotinu. Síðar um daginn fóru ákærðu Sigurður Kort og Rögnvaldur Ómar á ný um borð í togarann og tóku nú kassann með tóbaksvörunum og fóru með hann heim til Rögnvalds Ómars. Móðir hans hringdi þá til lögreglu, og handtóku lögregluþjónar Rögnvald Ómar þar heima, en Sigurður Kort hafði haft sig á brott. Þeir tóku einnig í sínar vörslur tóbaksvörur þær, sem þarna voru, en þær virðast hafa verið 30 pakkar af reyktóbaki, 28 karton af sígarettum, 6 nef-tóbaksdósir og eitthvað af eldspýtum. Rannsóknarlögreglan kom vörum þessum til skila.

Þá verður lýst gögnum um sakaratriði ákæru frá 8. ágúst sl.

I. 1. Að kvöldi laugardagsins 14. júní sl. var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að brotist hefði verið inn í hús nr. 19 við Steinagerði. Samkvæmt skýrslu tilkynnanda, Arinbjörns Steindórssonar, höfðu 32.000 kr., sem hann átti í skúffu í skáp í borðstofu, verið teknar, einnig 25.000 kr. úr skúffu í bókaskáp í holi og loks 20 sett af peningum, er tilkynnandi telur 2.000 kr. virði. Farið hafði verið inn um glugga á baðherbergi, og við það hafði handlaug brotnað. Verðmæti hennar telur Arinbjörn 25.000 kr., og er fjárfrafa sú, sem lýst var í upphafi, miðuð við það (25.000 + 32.000 + 2.000 + 25.000 = 84.000 kr.).

Ákærði Þórir hefur játað, að hann hafi verið þarna að verki og verið einn á ferð. Hann kveðst muna mjög óljóst, hve miklum verðmætum hann náði þarna. Bæði hafi hann hlotið höfuðhögg, er hann fór inn, og auk þess hafi hann verið undir áhrifum af LSD. Hann kveðst telja, að fé það, sem hann tók þarna, hafi hann svo notað til kaupa á „sýru“, þ. e. lysergid.

I. 2. Með framburði ákærða Þóris, sem er í samræmi við önnur gögn, þykir ljóst, að ákærði Þórir hafi einhverju sinni í síðasta hluta janúarmánaðar sl. farið inn um glugga á húsinu nr. 38 við Laufásveg og tekið þar 200 Kanadadollara úr ólæstri skúffu. Eigandi peninganna var Óli Örn Andreasson, Laufásvegi 38.

II. 1. Mánudaginn 16. júní sl. voru ákærði Þórir og Samúel Oddgeirsson saman á ferð um borgina í bíl, sem þeir höfðu á leigu og Samúel stýrði. Þá fóru þeir að húsi nr. 27 við Hrístateig. Þar fór Þórir úr bifreiðinni, en Samúel beið í henni. Þórir kvaddi dyra, og er húsfreyja kom til dyra, spurði Þórir eftir Guðjóni og fékk þau svör, að þar væri ekki maður með því nafni. Hvarf hann þá frá, en kom aftur nokkru síðar, er húsfreyja var farin út. Komst hann inn um glugga á kjallara. Þar braut hann upp skrifborð, en fann þar ekkert verðmæta. Þá fór hann upp á hæðina fyrir ofan og stakk þar upp annað skrifborð og tók þar peningaupphæð, sem talin er hafa numið um 20 þús. kr. Peningar þessir voru notaðir til greiðslu á leigu fyrir bifreiðina.

II. 2. Fimmtudaginn 19. júní brutust ákærðu Þórir og Samúel inn í húsið nr. 25 við Reynimel. Þeir komust inn í íbúðina með því að klífa upp á svalir og rykkja upp svaladyrum. Þeir stungu upp kommóðuskúffu í svefnherbergi og tóku þar peningaupphæð, er nam a. m. k. 80.000 krónum, og höfðu á brott með sér. Peningar þessir voru eign Finns Bárðarsonar háskólanema, sonar húsráðenda, Bárðar Ísleifssonar og Unnar Arnórsdóttur.

II. 3. Þriðjudaginn 24. júní sl. brutust ákærðu Þórir og Samúel saman inn í húsið nr. 28 við Blönduhlíð. Þeir spenntu upp glugga í kjallara og fóru inn og leituðu síðan víðs vegar um húsið að peningum. Þeir spenntu upp skáp í stofu á 1. hæð og tóku þar nokkra fjárhæð í erlendum peningum. Eftir því sem næst verður komist, var hér um að ræða 120 dali bandaríska, 42 sterlingspund og um 100 danskar eða sænskar krónur. Höfðu þeir feng þennan á brott með sér og auk þess úr, 2 pela af koniaki og nokkra pakka af sigarettum.

Samúel seldi einum félaganum þann gjaldeyri, sem komið hafði í hans hlut. Við rannsókn málsins hafðist upp á 73 dollurum,

50 dönskum krónum og 13 sterlingspundum, og var þetta afhent eigandanum, Gústaf Sigvaldasyni.

II. 4. Í júní, sennilega þriðjudaginn 24., voru ákærðu Þórir og Samúel saman á ferð í bifreið, sem þeir höfðu á leigu. Námu þeir staðar skammt frá húsinu Dragavegi 7, og fór Þórir þar út, en Samúel beið hans. Þóri tókst að opna bakdyr á húsinu og komast inn. Þar tók hann 5.000 kr. í peningum úr krukku og hafði á brott með sér. Fénu eyddu ákærðu sameiginlega.

II. 5. Sama dag og að ofan greinir fór Þórir einnig inn í hús nr. 53 við Sigtún. Hann komst í gegn um opinn glugga í kjallara. Fann hann þar og sló eign sinni á nokkuð af peningum, sem hann hafði á brott með sér, og var fjárhæðin að hans sögn 21 Bandaríkjadollar og tíu hundraðkrónaseðlar íslenskir. Er þetta í samræmi við framburð Samúels, en Þórir lét hann hafa peningana. Samkvæmt skýrslu húsráðanda, Svövu Árnadóttur, var um að ræða 22 dollara og 2.500—3.000 kr. ísl., og var fjárhæðin í 100 kr. seðlum, sem eru grænir annars vegar, en að sögn Svövu er um sérstaka gerð að ræða, er selja má söfnurum fyrir 300 kr. hvern seðil, ef um nýja seðla er að ræða, en hún kveður suma af seðlum þeim, sem teknir voru, hafa verið nýja. Er fjárkrafa hennar ákveðin með hliðsjón af þessu. Ákærðu hafa ekki mótmælt kröfunni.

III. Laugardaginn 21. júní fóru ákærði Samúel og tveir félagar hans, Kristján Kristjánsson og Jóhann Bragi Friðbjarnarson, að húsinu nr. 31 við Karfavog. Þar býr í kjallara Hallgrímur Ævar Másson, sem Kristján kannast við, og voru það samantekin ráð, að Kristján tældi hann burt með sér, en hinir skyldu brjótast inn á meðan. Kristján fékk Hallgrím með sér niður í miðborg, og á meðan brutu Samúel og Jóhann Bragi upp dyr að íbúð Hallgríms og leituðu þar verðmæta og höfðu á brott með sér 1.000—1.500 kr. í skiptimynt, rakvél, jakka, kuldajakka, snyrtiveski, 10 segulbandsspólur og teakolíubrúsa. Þeir höfðu átt von á, að veruleg fjárhæð væri geymd í íbúðinni, en fundu hana hvergi, en skv. skýrslu Hallgríms voru þó 90 þús. kr. geymdar inni í bankabók í íbúðinni. Er Hallgrímur kom heim, varð hann strax var við innbrotið, og náði hann strax sambandi við lögreglu, og leiddi það til handtöku Samúels og félaga hans skömmu síðar. Var þá tekið af þeim allt þýfið og afhent Hallgrími, en þó mun einnig hafa horfið kveikjari, er ekki fannst hjá þeim félögum.

Við rannsókn málsins bætti Jóhann Bragi Hallgrími tjón af spellum, sem þeir félagar höfðu valdið á íbúðinni.

Kristján og Jóhann Bragi eru ákærðir í öðru máli.
Niðurstöður.

a) Ákærði Þórir Þórisson.

Telja verður sannað, að ákærði Þórir hafi gerst sekur um öll þau brot, sem honum eru gefin að sök og lýst hefur verið hér að framan. Þau varða öll við 244. gr. alm. hegningarlaga, nema hvað notkun á fölsuðum tékka, sem um ræðir í lið II. 4. í ákæru 8. júlí, varðar við 155. gr. sömu laga. Brot þau, sem X. kafli ákæru 8. júlí lýtur að, þykja einungis varða við 244. gr., en ekki jafnframt við 257. gr.

Ákæru á hendur Þóri fyrir þjófnað var frestað skilorðsbundið 2 ár frá 7. apríl 1971, en síðan hefur hann verið dæmdur í refsingu sem hér segir:

10. desember 1971 15 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 3 ár, fyrir brot gegn 244. og 259. gr. alm. hegningarlaga og umferðarlögum.

19. desember 1972 20 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 259. gr. alm. hegningarlaga og umferðarlögum.

11. maí 1973 10 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot.

10. júlí 1974 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

7. febrúar sl. 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 248. gr. alm. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga að því er varðar brot þau, sem framin eru fyrir 7. febr. sl., en að öðru leyti af 77. gr. hegningarlaga.

Með hliðsjón af ferli Þóris og fjölda þeirra brota, sem hann er nú sekur fundinn um, verður refsing hans ákveðin fangelsi tvö ár.

Í sambandi við mál þetta og rannsókn þess hefur Þórir sætt gæsluvarðhaldi frá 15. okt. til 14. des. 1974 og frá 28. júní sl. til 26. þ. m., eða alls 150 daga. Þykir skv. 76. gr. alm. hegningarlaga rétt, að vist þessi dragist frá dæmdri refsingu Þóris.

b) Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson.

Gegn eindregnum mótmælum ákærða Magnúsar Helga þykir ekki sannað, að hann hafi átt þátt í brotum þeim, sem um ræðir í ákæru 8. júlí, liðum II. 1., II. 3. eða IX. né fyrri hluta ákæruliðar XI. 1. (innbrot á Hringbraut 53 í félagi við Þóri). Að öðru leyti þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um brot þau, sem honum eru gefin að sök. Það skal sérstaklega tekið fram um einstök atriði, að Magnús Helgi var í för með Þóri og naut góðs af feng hans úr innbroti í Háuhlíð 20 (IV. 2.), tók þátt í þjófnaðarleiðangri með Þóri, Lárusi og Marteini Kristjáni, er brotist var inn

í Sæviðarsund 102, og naut góðs af þýfinu, þótt hann færi ekki sjálfur inn í húsið, og tók einnig þátt í þjófnaðarleiðangri 29. sept. 1974, er brotist var inn í sumarbústaði (X.), og telst því ásamt félögum sínum aðalmaður að öllum innbrotunum, þótt sjálfur færi hann ekki inn í bústaðina í Mosfellssveit. Brot Magnúsar Helga eru rétt færð til refsíákvæða í ákæru, nema hvað dómurinn telur 257. gr. hegningarlaga ekki eiga við brot skv. X. kafla.

Á árunum 1971 og 1972 var ákærum á hendur Magnúsi Helga fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

25. maí 1973 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 217., 244. og 257. gr. alm. hegningarlaga.

Sama dag (svo) 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 155. og 244. gr. hegningarlaga.

11. desember 1973 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga, áfengis- og umferðarlögum.

31. október 1974 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 259. gr. alm. hegningarlaga og gegn umferðarlögum.

Refsingu Magnúsar Helga ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga svo og 78. gr., þar sem brotin eru öll framín, áður en Magnús Helgi var síðast dæmdur í refsingu. Hegningaraukinn verður ákveðinn fangelsi 12 mánuði.

Vegna rannsóknar máls þessa var Magnús Helgi í gæsluvarðhaldi 18.—20. ágúst 1974 og frá 27. okt. 1974 til 2. jan. 1975, þ. e. alls 69 daga. Er skv. 76. gr. alm. hegningarlaga rétt, að vist þessi verði dregin frá refsingu hans.

c) Ákærði Lárus Svavarsson.

Ósannað þykir, að Lárus hafi átt þátt í peningatöku af Steini Kristjánssyni (ákæra 8. júlí, IX.). Að öðru leyti verður talið sannað, að hann hafi framið brot þau, sem honum eru gefin að sök og varða við 244. gr. alm. hegningarlaga. Brot þau, sem um ræðir í X. kafla, þykja ekki jafnframt varða við 257. gr. hegningarlaga.

Ákæru á hendur Lárusi fyrir þjófnað var frestað skilorðsbundið 2 ár frá 29. ágúst 1968, en síðan hefur hann sætt refsidómum sem hér greinir:

19. desember 1969 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 244. og 259. gr. alm. hegningarlaga.

11. júní 1970 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga (refsing skv. fyrra dómi felld inn í).

18. desember 1970 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 259. gr. hegningarlaga.

12. nóvember 1971 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 217., 244. og 257. gr. alm. hegningarlaga.

24. sept. 1973 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

11. febr. 1974 2 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 155. og 244. gr. hegningarlaga.

31. okt. 1974 10 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 155., 244., 248. og 259. gr. alm. hegningarlaga og gegn umferðarlögum.

7. febr. 1975 sakfelldur fyrir brot gegn 244. og 248. gr. alm. hegningarlaga, en refsing ekki dæmd.

Brot Lárusar, sem nú er dæmt um, eru öll framin áður en tveir síðustu refsidómar hans eru kveðnir upp. Ber að ákveða honum hegningarauka, sem verður með hliðsjón af 77. og 78. gr. alm. hegningarlaga og af ferli hans ákveðinn fangelsi 12 mánuði.

Rétt þykir skv. 76. gr. alm. hegningarlaga að draga frá refsingu Lárusar gæsluvarðhaldsvist hans 13. nóv. til 6. des. 1974, þ. e. 23 daga.

d) Ákærði Marteinn Kristján Einarsson var þátttakandi í þjófn-aðarleiðangri ásamt Þóri, Magnúsi Helga og Lárusi, er brotist var inn í Sæviðarsund 102 og Njörvasund 5, og telst þannig aðal-maður að báðum brotunum ásamt félögum sínum, þótt hann færi sjálfur ekki inn í annað húsið. Fyrir brot þessi ber að refsa honum skv. 244. gr. alm. hegningarlaga.

Á árinu 1969 var ákæru á hendur Marteini Kristjáni fyrir þjófn-að frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refs-i-dómum:

4. maí 1971 10 daga varðhald fyrir umferðarbrot.

14. sept. 1971 6 mánaða skilorðsbundið varðhald fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

30. okt. 1974 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 244. og 257. gr. alm. hegningarlaga og áfengislögum.

Brot þau, sem ákærði Marteinn Kristján er nú dæmdur fyrir, eru framin áður en síðasti refsidómur hans er kveðinn upp. Verður nú að dæma honum hegningarauka skv. 78. gr. alm. hegningarlaga og jafnframt taka afstöðu til þess, hver áhrif hann hafi á skilorðsdóminn frá 30. okt. 1974.

Sakarefni dómsins frá 14. sept. 1971 er eitt innbrot, sem ákærði framdi 14. okt. 1970. Hinn 30. október 1974 var Marteinn Kristján

dæmdur fyrir innbrot í þrjá báta og stuld á morfíni o. fl. í janúar og mars 1974. Var þá skilorðstími skv. fyrri dómi (2 ár) liðinn. Dómarinn skilorðsbatt einnig refsingu skv. þessum dómi. Telja verður, að slíkt hefði ekki komið til greina, ef ákærði hefði þá einnig verið saksóttur og dæmdur fyrir þá tvo innbrotspjófnaði, sem nú er um að ræða. Skv. þessu verður Marteinn Kristján nú dæmdur í refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem dómur 30. okt. 1974 tekur til, og brot þau, sem hann er nú saksóttur fyrir. Þess er þó að gæta, að við ákvörðun 8 mánaða fangelsisrefsingar 30. okt. 1974 sló dómarinn því föstu, að Marteinn Kristján hefði rofið skilorð dómsins frá 14. sept. 1971. En eins og áður segir, voru brot Marteins ekki framin fyrr en skilorðstími var liðinn.

Refsing Marteins Kristjáns verður með hliðsjón af 77. og 78. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 6 mánuði. Ekki eru efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Í dómi sakadóms Akraness 30. okt. 1974 er ákveðið, að 5 daga gæsluvarðhald Marteins Kristjáns dragist frá refsingu hans. Er rétt að láta dómsákvæði þetta haldast.

e) Ákærði Sigurður Kort Hafsteinsson.

Sannað þykir, að Sigurður Kort Hafsteinsson hafi framið brot þau, sem lýst er í VII., VIII., XII. og XIII. kafla ákæru frá 8. júlí og eru þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákæru á hendur Sigurði Kort fyrir þjófnað var frestað skilorðsbundið á árinu 1972. Síðan hefur hann sætt þessum refsídómum:

10. apríl 1973 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 244. og 259. gr. alm. hegningarlaga.

28. ágúst 1974 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 244. og 259. gr. alm. hegningarlaga (refsing skv. fyrri dómnum tekin upp).

16. apríl 1975. Sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr. alm. hegningarlaga, en refsing ekki dæmd.

22. apríl 1975 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 217. og 244. gr. alm. hegningarlaga (refsing skv. fyrra skilorðsdómi tekin upp).

4. júlí 1975. Sakfelldur fyrir brot gegn 244. og 259. gr. alm. hegningarlaga og umferðarlögum, en refsing ekki dæmd.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga svo og 78. gr., þar sem brotin eru framin áður en síðustu refsídomar ákærða komu til. Samkvæmt því verður refsingin ákveðin 3 mánaða fangelsi.

f) Ákærði Sigurður Þór Sigurðsson hefur með notkun á 3 fölsuðum tékkum, sem lýst er í VIII. kafla ákæru 8. ágúst, brotið gegn 155. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákærunni greinir.

Sigurður Þór var 21. maí 1971 dæmdur í 30 daga varðhald fyrir brot gegn 259. gr. alm. hegningarlaga og umferðarlögum og 26. júní 1974 í 15 daga varðhald fyrir ölvun við akstur. Hann hefur 11 sinnum sæst á greiðslu sekta, m. a. einu sinni fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga og einu sinni fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Refsing Sigurðar Þórs verður ákveðin fangelsi 60 daga. Ekki þykja efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Sigurður Þór sat 10 daga í gæsluvarðhaldi, meðan á rannsókn málsins stóð (14.—24. okt. 1974). Þykir skv. 76. gr. alm. hegningarlaga rétt að ákveða, að vist þessi dragist frá refsingu hans.

g) Ákærði Jóhann Sigfús Sigdórsson hefur gerst sekur um brot það, sem um ræðir í IX. kafla ákæru frá 8. ágúst sl., og ber að refsa honum skv. 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákæru á hendur Jóhanni Sigfúsi fyrir þjófnað var á árinu 1972 frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

25. maí 1973 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 155. og 244. gr. alm. hegningarlaga.

11. desember 1973 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 244. og 259. gr. alm. hegningarlaga.

11. febr. 1974 12 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 217. og 244. gr. alm. hegningarlaga.

5. nóv. 1974 sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr. alm. hegningarlaga, en refsing ekki dæmd.

16. apríl 1975 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða verður ákveðin sem hegningarauki skv. 78. gr. alm. hegningarlaga fangelsi 60 daga.

h) Ákærði Hafþór Pálmason hefur með innbrotum í sumar-bústaði og þjófnaði eða tilraun til þjófnaðar sem um ræðir í X. kafla ákæru 8. júlí sl. brotið gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

Hafþór hefur aldrei verið kærður fyrir auðgunarbrot fyrr, en þrisvar sæst á greiðslu sekta fyrir brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Refsing hans verður ákveðin fangelsi 4 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður eftir 2 ár, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

i) Ákærði Þorvarður Reynir Guðmundsson átti engan þátt í

innbroti Þóris Þórissonar og Lárusar Svavarssonar í hús nr. 53 við Hringbraut í sept. 1974 og verður sýknaður af þeim lið (ákæra 8. júlí, XI. 1., fyrri liður), en hann þykir sannur að þátttöku í innbroti Magnúsar Helga og Lárusar á nefndum stað aðfaranótt 13. sept. 1974 svo og þátttöku í innbrotspjófnaði í húsi nr. 32 við Lindarflöt (XI. 2.).

Þorvarður Reynir var 9. des. 1966 dæmdur í 10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. alm. hegningarlaga.

1. sept. 1967 var hann dæmdur í 14 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

30. jan. 1971 var hann dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga og 15. nóv. 1972 í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., sbr. 20. gr. hegningarlaga. 11. jan. 1973 var hann sakfelldur fyrir umferðarlagabrot, en refsing ekki dæmd. Loks var hann dæmdur 20. sept. 1974 í 1 mánaðar fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga (tékkasvik).

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga svo og 78. gr. sömu laga að því er varðar brot það, sem um ræðir í lið XI. 1., ákveðin fangelsi 4 mánuði.

j) Ákærði Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson hefur gerst sekur um þjófnaðarbrot þau, sem um ræðir í XIII. kafla ákæru 8. júlí. Hann hefur þrisvar sæst á greiðslu sekta fyrir umferðarlagabrot og áfengislagabrot og var 3. apríl sl. dæmdur í 10 daga varðhald fyrir ölvun við akstur.

Rétt þykir að fresta ákvörðun um refsingu á hendur Rögnvaldi Ómari og skuli ekki dæma refsingu, ef hann heldur tvö ár frá uppkvaðningu dómsins almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

k) Ákærði Samúel Oddgeirsson hefur framið brot þau, sem ákæra 8. ágúst tekur til og varða við 244. gr. alm. hegningarlaga. Það athugast, að telja verður Samúel aðalmann ásamt Þóri að þjófnaðarbrotum þeim, sem um ræðir í liðum II. 1., II. 4. og II. 5., þótt hann færi sjálfur ekki inn í hús þau, sem þar er um að ræða.

Á árunum 1969 og 1970 var ákæru á hendur Samúel fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga o. fl. frestað skilorðsbundið. Hann hefur síðan sætt þessum refsídómum:

12. maí 1971 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

10. febr. 1972 10 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 252., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

14. júní 1972 sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

15. jan. 1973 sakfelldur fyrir brot gegn 259. gr. alm. hegningarlaga og umferðarlögum, en refsing ekki dæmd.

17. okt. 1973 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

23. okt. 1973 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 155. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Samúel hefur sætt gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa dagana 28. júní til 3. júlí sl., þ. e. 5 daga, og er skv. 76. gr. alm. hegningarlaga rétt, að vist þessi dragist frá refsingu hans.

Rétt þykir að taka allar fjárkröfur þær, sem lýst hefur verið, til greina, enda hefur þeim ekki verið mótmælt af hálfu ákærðu, og fjárhæð krafanna þykir út af fyrir sig ekki athugasemð.

Ákærðu Þórir, Lárus og Marteinn Kristjánsson höfðu sama verjanda, Pál S. Pálsson hæstaréttarlögmann, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu málsvarnarlauna til hans, er ákveðin verða 50.000 kr. Þess er að gæta, að þar er með talin þóknun fyrir réttargæslu fyrir Þóri og Lárus, meðan þeir sættu gæsluvarðhaldi. Ákærða Magnús Helga ber að dæma til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðin verða 25.000 kr. Annan sakarkostnað verða ákærðu allir dæmdir til að greiða in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Þórir Þórisson sæti fangelsi tvö ár. Frá refsingu hans dragist gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 150 dagar.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson sæti fangelsi 12 mánuði. Frá refsingu hans dragist gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 69 dagar.

Ákærði Lárus Svavarsson sæti fangelsi 12 mánuði. Frá refsingu hans dragist gæsluvarðhaldsvist hans, 23 dagar.

Ákærði Marteinn Kristján Einarsson sæti fangelsi 6 mánuði. Frá refsingunni dragist varðhaldsvist hans, 5 dagar.

Ákærði Sigurður Kort Hafsteinsson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Sigurður Þór Sigurðsson sæti fangelsi 60 daga. Frá refsingu hans dragist gæsluvarðhaldsvist hans, 10 dagar.

Ákærði Jóhann Sigfús Sigdórsson sæti fangelsi 60 daga.

Ákærði Hafþór Pálmason sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta

skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Þorvarður Reynir Guðmundsson sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvörðun um refsingu ákærða Rögnvalds Ómars Berg Gunnarssonar skal frestað, og verður refsing ekki dæmd, ef ákærði heldur í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Samúel Oddgeirsson sæti fangelsi 5 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, 5 dagar.

Ákærði Þórir Þórisson greiði Sigurði Sigurðssyni 900 svissneska franka og 500 danskar krónur, Arinbirni Steindórssyni 84.000 kr. og Óla Erni Andreassyni 30.000 kr.

Ákærðu Þórir Þórisson og Magnús Helgi Kristjánsson greiði in solidum Landsbanka Íslands 36.467 kr., ásamt 1.5% vöxtum á mánuði frá 24. sept. 1974 til greiðsludags, og Sverri Scheving Thorsteinssyni 130.000 kr.

Ákærðu Þórir Þórisson og Samúel Oddgeirsson greiði in solidum Finni Bádarsyni 80.000 kr., Margréti Margeirsdóttur 5.000 kr. og Svövu Árnadóttur 8.432 kr.

Ákærðu Sigurður Kort Hafsteinsson og Sigurður Þór Sigurðsson greiði in solidum Veitingahúsinu Borgartúni 32 15.000 kr.

Ákærðu Sigurður Kort Hafsteinsson og Rögnvaldur Ómar Gunnarsson greiði in solidum Bæjarútgerð Reykjavíkur 19.000 kr.

Ákærðu Þórir Þórisson, Lárus Svavarsson og Marteinn Kristján Einarsson greiði in solidum réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 kr. Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingi-mundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 kr. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu allir in solidum.